

# Sálin í K 17 í Keflavík

Um helgina leikur hljómsveitin Sálin hans Jóns míns í Keflavík, nánar tiltekið í K 17 sem áður var Glaumberg. Þar munu hún að vanda skarta sínu fegursta og leika af fingrum fram öll sín bestu lög, sjálfri sér og gestum hússins til ánægju og yndisauka. Klukkan 2.36

mega gestir eiga von á óvæntri uppákomu en þó er hætt á því að það bregðist. Það verður því spennandi að fylgjast með og sjá hvað gerist. Hljóðfærasláttur hefst á hefðbundnum tíma, það er að segja um það bil klukkan 23.30 og stendur fram á næsta dag.